Allsherjar- og menntamálanefnd
4. desember 2025

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um vernd barna og ungmenna á stafrænum vettvangi, nr. 12901

Stafræn velferð styður tillögu til þingsályktunar um vernd barna og ungmenna á stafrænum vettvangi.

Hækkun á lágmarksaldri barna til að stofna og nota aðgang að samfélagsmiðlum er mikilvægt skref í átt að aukinni velferð barna og ungmenna á stafrænum vettvangi. Núgildandi aldursviðmið, sem miðast við 13 ára aldur, tryggir ekki nægilega vernd gegn skaðlegu efni, óviðeigandi áhrifum og markaðssetningu á netmiðlum. Þvert á móti getur þessi viðmiðun leitt til þess að foreldrar upplifi sig valdalausa gagnvart samfélagsmiðlanotkun barna sinna, þar sem aðgangurinn er orðinn samfélagslega viðurkenndur á of ungum aldri.

Með því að viðhalda svo lágu aldurstakmarki eru send þau skilaboð að börn hafi nægilegan þroska til að takast á við þá ábyrgð og þau flóknu áhrif sem fylgja notkun samfélagsmiðla strax við 13 ára aldur. Með hækkun aldurstakmarks er hins vegar verið að styrkja stöðu foreldra gagnvart samfélagslegum þrýstingi og styðja þau í að setja skýr mörk til að vernda börnin sín á tímabili þar sem þau eru sérstaklega viðkvæm fyrir áhrifum stafræns umhverfis.

Markaðssetning og auglýsingar

Börn og unglingar eru almennt mun móttækilegri fyrir auglýsingum og markaðssetningu en fullorðnir, þar sem þau hafa ekki náð fullum þroska til að meta gagnrýnið þau skilaboð sem þau verða fyrir. Þetta er sérstaklega vandasamt á samfélagsmiðlum, þar sem áhrifavaldar og reiknirit, sem byggja á persónulegum notkunargögnum barna, hafa mun meiri sannfæringarmátt en hefðbundnar auglýsingar. Slík markaðssetning getur haft veruleg áhrif á viðhorf og neysluhegðun barna og unglinga og skapað þá tilfinningu að þau þurfi að eiga ákveðnar vörur til að tilheyra hópi, að veðmál og áhættuhegðun séu eðlileg eða jafnvel spennandi, og að þau þurfi að fylgja neysluvenjum sem ekki eru raunhæfar eða í samræmi við aldur þeirra eða þarfir.

Rétt eins og bannað er að auglýsa vörur beint að börnum þegar barnatíminn er í sjónvarpinu, ætti ekki heldur að vera heimilt að beina markaðssetningu að börnum á samfélagsmiðlum með notkun persónugreinanlegra upplýsinga og reiknirita sem hagræða auglýsingum að hegðun þeirra. Slík vernd er nauðsynleg til að tryggja öryggi barna, draga úr skaðlegum áhrifum markaðssetningar og stuðla að heilbrigðara stafrænu umhverfi.

Fræðsla í fyrirrúmi

Samfélagsmiðlar eru aðeins lítill hluti af internetinu í heild, og því er mikilvægt að börn fái fræðslu um hvernig á að nota internetið á uppbyggilegan og öruggan hátt, bæði til náms og afþreyingar. Jafnframt er ljóst að sá tími mun að lokum koma að börn og ungmenni nái aldri þar sem þeim verður heimilt að nota samfélagsmiðla. Af þeirri ástæðu er brýnt að fræðsla sé höfð í fyrirrúmi, þannig að ungmenni séu sem best undirbúin fyrir framtíðar notkun samfélagsmiðla og þau áhrif sem slík notkun getur haft á líf þeirra og líðan.

Þótt börn séu ekki virk á samfélagsmiðlum eru þau engu að síður hluti af netumhverfinu. Á sama hátt og börn eru þátttakendur í bíla umferðinni sem farþegar, gangandi vegfarendur, hjólandi eða í almenningssamgöngum, eru þau einnig þátttakendur í stafrænni „netumferð“. Til dæmis geta börn og unglingar horft á myndbönd með foreldrum sínum, leitað sér upplýsinga í leitarvélum og spilað tölvuleiki. Allt þetta felur í sér virka þátttöku í netheimum, án þess þó að þau hafi aðgang að samfélagsmiðlum. Við kennum börnum umferðarreglur löngu áður en þau hafa þroska til að aka bifreið sjálf, og hið sama ætti að gilda um stafræna hæfni.

Mikilvægt er að börn og ungmenni læri „umferðareglur“ internetsins og samfélagsmiðla, svo sem ábyrg samskipti á netinu, netöryggi og persónuvernd. Auk þess þurfa þau að öðlast skilning á áhrifum reiknirita á skoðanir, neysluvenjur og áhugamál, sem og fræðslu um gervigreind, gervigreindarlæsi og miðlalæsi almennt. Slík fræðsla er lykilforsenda þess að ungmenni geti tekist á við stafrænt samfélag af ábyrgð, gagnrýni og öryggi.

Þingsályktunartillagan miðar að því að hækka lágmarksaldur barna til að stofna og nota aðgang að samfélagsmiðlum úr 13 árum í annaðhvort 15 eða 16 ár. Vænlegast þykir þó að miða við 16 ára aldur fremur en 15 ár.

Virðingarfyllst,
Anna Laufey Stefánsdóttir, tölvunarfræðingur

Stafræn velferð

Allsherjar- og menntamálanefnd
Alþingi

Reykjavík, 4. desember 2025

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um vernd barna og ungmenna á stafrænum vettvangi

1. Inngangur

Það er alveg ljóst að á bak við þessa þingályktunartillögu eru góð áform og almenningur og þingmenn styðja örugglega þessa tillögu. Það efar enginn að sumir samfélagsmiðlar eru stundum slæmir fyrir sum börn. Hins vegar er ansi margt sem gleymist í umræðunni.

2. Lögfræðileg atriði

2.1 Skilgreining á samfélagsmiðlum og að framfylgja lögum

Það vantar algjörlega skilgreiningu á hvað samfélagsmiðill er. Hvað er verið að banna? Hvernig eiga foreldrar að vita hvaða miðlar eru samfélagsmiðlar og hvaða miðlar ekki? Þeir geta kannski fylgst með því að börnin fari ekki á TikTok en fæstir vita hvað Kick er. Svo er spurning hvort Flickr, Roblox og Discord séu samfélagsmiðlar. Hvernig á almenningur að vita hvaða miðill er samfélagsmiðill og hvaða ekki? Það væri líklega á sviði Fjölmiðlanefndar að upplýsa almenning. Svo er alltaf spurningin hvort almenningur hafi einhvern áhuga á þeim upplýsingum. Ef við þau fullorðnu erum ekki með þetta á hreinu hvernig getum við ætlast til að börnin viti það?

Ástralar hafa valið að banna ekki alla samfélagsmiðla, heldur samfélagsmiðla sem uppfylla ákveðin skilyrði, og svo er stofnun, eSafety Commissioner, sem ákveður hvaða samfélagsmiðlar falla þar undir og gerir athugasemdir við þá sem takmarka ekki aðgang við 16 ára. Það er ógrynni til af samfélagsmiðlum og í Ástralíu eru vísbendingar um að börnin séu komin í samfélagsmiðlakapphlaup við eSafety Commissioner. Þau eru að færa sig yfir á samfélagsmiðlana Yope og Lemonade. Það er augljóst að eSafety Commissioner mun gera þeim að hefta aðgang undir 16 ára og börnin færa sig þá annað. Þarna er komið í gang barnalegt kapphlaup. Ef svo ólíklega vildi til að börn hér á landi myndu virða bannið þá er ekkert sem kemur í veg fyrir að þau færi sig á aðra og óþekktari samfélagsmiðla eins og áströlsku börnin. Það má því telja líklegt að Fjölmiðlanefnd hafi mikið að gera við að banna samfélagsmiðla – ef börnin hlýða banninu og ef foreldrarnir nenna að fylgjast með hvað er bannað á hverjum tíma.

Svo er önnur leið til að komast fram hjá banni. Í Frakklandi nota börnin VPN-tengingar til að komast fram hjá banninu og halda sig við hefðbundna samfélagsmiðla. Það er hins vegar ólíklegt að samfélagsmiðlafyrirtækin muni setja upp sérstakar lokanir fyrir íslensk börn og því munu íslensku börnin áfram geta stofnað reikning á samfélagsmiðlum þrátt fyrir bann þar um. Bannið byggir því á því að börnin hlýði. Eftirlitsmöguleikar með brotum eru takmarkaðir og því mun reynast erfitt að framfylgja lögunum.

Ég minni á að við höfum ekki möguleika til að sekta samfélagsmiðlafyrirtækin eins og Ástralía. Ástralía er heimsálfa með 27 milljónir íbúa og samfélagsmiðlar vilja geta haldið uppi starfsemi þar

og vilja forðast að vera blokkeraðir þar. Markaðslega séð munar ekkert um að missa 450 þús. manna markað á Íslandi. Samfélagsmiðlabanni á Íslandi verður því ekki haldið uppi með því að setja ábyrgðina á samfélagsmiðlafyrirtækin.

2.2 Lög og mannréttindi

Það er ekki á hreinu hver lagalegur réttur barna er hvað varðar aðgengi að samfélagsmiðlum. Börnum er tryggt félagafrelsi og réttur til að tjá skoðanir sínar skv. Barnasáttmálanum. Takmarkanir á samfélagsmiðlanotkun hefta að einhverju leyti þann rétt barna. Það er búið að höfða mál í Ástralíu gegn samfélagsmiðlabanninu út af rétti barna til að tjá skoðanir sínar. Ég tel líklegt að bannið verði dæmt gilt en það er ekki öruggt.

Hvað varðar félagsfrelsi þá er til dæmis félagsmiðstöð á netinu við Ásgarðsskóla sem er skóli í skýjunum. Hún var sett á fót af hálfu nemenda og er á netinu. Nú veit ég ekki í gegnum hvaða miðil hún er en verði sá miðill talinn samfélagsmiðill þá verður ólöglegt fyrir stærstan hluta nemenda að vera þar og þar með getur komið upp að raunverulegt félagsfrelsi unglinga sé ekki til staðar, þ.e.a.s. þú mátt vera félagi í nemendafélaginu en getur ekki sótt fundi.

Það þarf því að fá álit mannréttindalögfræðinga og sérfræðinga í réttindum barna og fatlaðra til að meta hvort íslensk löggjöf muni standast ýmsa mannréttindasáttmála. Ég velti þeirri spurningu upp hvort ekki sé skynsamlegra að bíða aðeins og sjá hvernig fer um málaferli í þeim löndum sem eru að taka upp algert bann.

3. Skaðlegt efni á samfélagsmiðlum

3.1 Meint versnandi andleg líðan barna og sjálfsskaði

Ekkert er minnst á meinta versnandi andlega líðan barna í greinargerð með þingsályktunartillögunni en í almennri umræðu hefur hún verið tengd samfélagsmiðlanotkun. Það er því vert að ræða það aðeins. Vandinn er sá að samkvæmt Íslensku æskulýðsrannsókninni er líðan íslenskra barna frekar að batna en versna. Það er því engin ástæða til að ætla að samfélagsmiðlanotkun tengist almennri vanlíðan barna. Hins vegar er nær öruggt að sum börn leiti í skaðlegt efni sökum vanlíðanar. Þannig er full ástæða til að ætla að börn í sjálfsvígshugsunum og sjálfskaðahugsunum leiti í slíkt efni á netinu. Hins vegar má ekki gleyma að fyrir samfélagsmiðla fræddust börnin um sjálfskaða hvert frá öðru.

Ég verð að telja það æskilegra að bjóða þeim geðheilbrigðisþjónustu frekar en að banna samfélagsmiðla. Sjálfvígs- og sjálfsskaðahugsanir barna hætta ekkert við samfélagsmiðlabann og börnum sem líður vel fá ekki sjálfsvígs- og sjálfskaðahugmyndir sama hvað þau sjá á samfélagsmiðlum. Það gerast engir töfrar við 15 ára aldur sem gera það áhættulaust fyrir þunglynd börn að skoða myndbönd um sjálfsskaða. Það er einfaldlega áhættusamt fyrir þunglynd börn og ungmenni að skoða myndbönd um sjálfskaða og jafnvel fólk yfir 25 ára. Hins vegar er vanlíðan orsök sjálfskaða og sjálfsvíga. Það er í alvörunni í lagi að reyna að bæta vanlíðan barna.

3.2 Úlitsdýrkun og skaðlegt markaðsefni

Ein aðalhugmyndin á bak við samfélagsmiðlabann er að markaðsefni varðandi útlit sé beint að börnunum og þess vegna lendi börnin í gildru útlitskomplexa. Hugmyndin virðist vera að samfélagið leggi litla áherslu á útlit og sé t.d. ekki með fitufordóma en að vondu marksöflin skapi þessa hugsun

hjá unglingum sem lenda svo í vanda þegar þau reyna að uppfylla staðla marksfyrirtækjanna. Sannleikurinn er sá að íslenskt samfélag leggur mikla áherslu á útlit og unglingar eru oft að leita að efni um hvernig á að vera falleg eða stæltur eða öðru útlitstengdu efni þegar algóritminn grípur þau og byrjar að sýna þeim óæskilegt útlitstengt efni. Það að banna þeim að fara á samfélagsmiðla leysir ekki það hvað þau eru útlitsmiðuð. Það er líklegast að þau fari bara samt á einhverja miðla löglega eða ólöglega til að skoða sambærilegt útlitstengt efni og núna. Við færum því vandann bara til. Æskilegt væri að það væri unnið gegn útlitsdýrkun í samfélaginu. Samfélagsmiðlar endurspegla samfélag okkar. Vissulega má segja að það sé skopspegill sem ýki ákveðna þætti og dragi úr öðrum en þeir sýna aðeins það sem er til í samfélagi okkar.

4. Mögulegar skaðlegar afleiðingar bannsins á börn almennt

Ég hef áhyggjur af kynferðisofbeldi. Barnaníðingar eru þar sem börn eru og ef þau eru á netinu þá eru þeir þar. Ef þau eru eftirlitslaus á leikvelli þá eru þeir þar – ég er það gömul að ég man þá tíð. Eitt aðaltrikkið við að ná barni á þitt vald er rjúfa tengsl barnsins við aðra fullorðna. Einfaldast er oft að sannfæra barnið um að það hafi gert eitthvað rangt, brotið reglur eða álíka. Hefðbundin leið er að gefa þeim áfengi. Um leið og þau drekka áfengi hafa þau gert eitthvað sem fullorðnir banna og þau óttast skammir. Þar með eiga þau erfiðara með að segja frá kynferðisofbeldi sem þau verða fyrir í tengslum við áfengisneyslu.

Hættan við þetta samfélagsmiðlabann er að þegar börn brjóta bannið þá skapast hjá þeim ótti um skammir og að þessi ótti rjúfi tengsl og traust við fullorðna aðila. Þar með eru þau börn sem fara ólöglega á samfélagsmiðla orðin kjörin fórnarlömb barnaníðinga. Barnaníðingar þurfa aðeins að ýta undir ótta barnsins við reiði foreldra og rjúfa þannig tengsl barnsins við foreldra. Þetta er hægt án þess að þurfa að splæsa flösku á þau. Þannig skilur þessi lagasetning þau börn sem brjóta gegn banninu eftir í viðkvæmri stöðu gagnvart níðingum á netinu.

Vert er að taka fram að í Danmörku er rætt um að foreldrar muni geta gefið börnum á aldrinum 13-15 ára leyfi til að fara á samfélagsmiðla. Mörg munu þá fá leyfi frá foreldrum sínum en það verður gífurlega erfitt fyrir þau börn sem fara á samfélagsmiðla gegn vilja danskra foreldra sinna að játa að þau hafi brotið gegn því banni og orðið fyrir ofbeldi á samfélagsmiðlum.

5. Möguleg skaðleg áhrif bannsins á viðkvæma hópa

5.1 Hinsegin börn

Hinsegin börn nota oft samfélagsmiðla til að fræðast og til að sækja sér félagslegan og andlegan stuðning. Samfélagsmiðlabann getur haft áhrif á þau til hins verra. Ég sem sálfræðingur sé oft að unglingar eru að stofna til netsambanda við hvert annað eftir að hafa hist á samfélagsmiðlum. Vissulega geta flestir hinsegin unglingar stofnað til sambanda í raunheimum, en ekki allir.

Hinsegin unglingar í fámennum samfélögum úti á landi eru oft eini hinsegin unglingurinn í bæjarfélaginu og oft sæta þau fordómum. Þau hafa alveg sömu þörf að máta sig sem kynverur (ásar augljóslega undanskildir) og gagnkynhneigðir unglingar. Tækifæri þeirra eru einfaldlega minni. Það er ekki öruggt fyrir þau að daðra við jafnaldra í því litla samfélagi sem þau búa í. Það getur endað í því að þau verði beitt ofbeldi.

Eins og aðrir unglingar sækjast hinsegin unglingar í félagslegt samþykki og að einhverjum finnist þau falleg og aðlaðandi. Það hefur verið vandi í gegnum árin að þau kynnast stundum einhleypum karlmönnum í þorpinu þar sem þau búa og úr því verður kynferðislegt samband. Þau heimsækja þá þennan aðila reglulega á heimili hans, hann segir viðkomandi að þau séu aðlaðandi, og yfirleitt fylgir þessu neysla, áfengi og örvandi efni, unglingnum að kostnaðarlausu. Unglingarnir upplifa ekki að þau séu misnotuð, heldur upplifa þau aðdáun og eru því ólíkleg til að segja fullorðnum frá.

Það hefur reynst gagnlegt að hafa samfélagsmiðla sem eru með sérstakt platform fyrir hinsegin fólk til að forða þeim frá þessu. Um leið ráðleggur maður þeim að halda sig frá platformum þar sem fordómar gagnvart hinsegin fólki þrífast. Verði þetta bann á samfélagsmiðlum að raunveruleika þá verður auðveldara fyrir hinsegin börn í litlum samfélögum að fara í samband með fullorðnum en jafnöldrum – með öllum með þeim skaðlegu afleiðingum sem því fylgja.

5.2 Einhverfir unglingar

Einhverfir og fatlaðir unglingar sækja oft í samfélagsmiðla til að fá fræðslu frá öðrum fötluðum um fatlanir og hvernig á að komast í gegnum lífið og þá fordóma sem þeir sæta. Þessi löggjöf útilokar fatlaða unglinga að sækja þessar upplýsingar. Þannig eru þau svipt ákveðnum sjálfskilningi. Þau fá ekki að sjá stolt eldra fatlað fólk segja frá sínum erfiðleikum og hvernig þau tókust á við þessa erfiðleika. Unglingar munu því eiga erfiðara með að fræðast um eigin skerðingar og styrkleika. Minn ótti er sá að fatlaðir unglingar festist því enn frekar heima í þunglyndi og sjálfsfyrirlitningu.

Einhverfir hafa oft sérstök áhugamál. Þannig er ekkert óeðlilegt að einhverfur unglingur hafi áhuga á málvísindum en engan áhuga á fatnaði, útliti eða íþróttum. Slíkir unglingar leita mjög í fræðslu á YouTube. Algóritminn verndar þá einstaklinga sem leita í fræðilega fræðslu á myndböndum fyrir ýmsu óæskilegu efni. Algóritminn beinir tengdu efni að þeim og sé áhugi þeirra fræðilegur þá leitar algóritminn að tengdu fræðilegu efni, ekki fegurðarefni eða álíka.

Ástralar ætla að banna YouTube-aðgang en leyfa aðgang að YouTube ef unglingar skrá sig ekki inn. Ástæða þess er að algóritminn virkar þá ekki. Það þýðir í raun að þessi vernd sem einhverfir fá af algóritmanum verður afnumin. Þeir verða berskjaldaðri fyrir óæskilegu efni og fá minna af fræðilegu efni sem þeir hafa áhuga á. Einhverfir eru almennt hrekklausari en óeinhverfir og eiga oft erfiðara með að sjá að verið sé að blekkja en einhverfir. Með banni á því að nýta algóritmann á YouTube sér til verndar er verið að ýta einhverfum í aðstæður sem þeir ráða illa við, frekar en að vernda þá. Vissulega má reyna að banna YouTube alfarið fyrir unglinga en ég held einfaldlega að enginn muni taka mark á því. YouTube er það mikill hluti af daglegu lífi fólks.

Einhverfir eiga oft erfitt með að eiga samskipti í rauntíma í raunaðstæðum vegna þess að þeim aðstæðum fylgir skynáreiti (hávaði, hljóð, lykt) sem þeir eiga erfitt með og vegna þess að samskipti í rauntíma eru of hröð fyrir þá. Tækninýjungar gera þeim kleift að eiga samskipti í umhverfi heima hjá sér sem þeim finnst þægilegt og taka sér tíma til að svara. Það er mikilvægt að skilgreining á samfélagsmiðlum loki ekki á samskiptamiðla einhverfra.

Frásagnir einhverfra af notkun samfélagsmiðla benda til þess að þeir noti samfélagsmiðla á annan hátt en óeinhverfir. Þeir nota þá til að róa sig. Mörgum finnst þægilegt að skoða áhugamál sín á YouTube eða TikTok eftir að hafa maskað allan daginn í skólanum og þolað alltof mikið áreiti í skóla.

Einnig nota þeir samfélagsmiðla stundum til að þola erfiðar félagslegar aðstæður og er þá í símanum í aðstæðum sem þeim finnst erfiðar.

Þetta bann mun bitna hvað harðast á einhverfum unglingum. Samfélagsmiðlabann gæti haft þau áhrif að draga úr þátttöku þeirra í félagslegum aðstæðum og gert það erfiðara fyrir þá að ráða við að vera í grunnskóla en vangeta einhverfra til að vera í skólaumhverfi er vel þekkt og er alþjóðlegt fyrirbæri.

5.3 Aðrir hópar

Aðrir minnihlutahópar hafa aðrar þarfir. Ég get ekki talað fyrir hópa sem ég er ekki nákunnug en mig grunar að ekki hafi verið hugað að þörfum annarra minnihlutahópa.

6. Lokaorð

Ég tel að bann á samfélagsmiðlum skaði sum börn en kannski getur það bjargað einhverjum börnum frá skaða. Kosturinn við að fórna börnum úr minnihlutahópum er sá að stór hópur þeirra er hvort sem er að verða fyrir skaða vegna fordóma og skilningsleysis nú þegar. Þannig er bara verið að auka skaðann, en ekki að skaða ósköðduð börn. Spurningin er bara hvort aukinn skaði verður afturkræfur með tímanum, meðferð og stuðningi. Hitt er nokkuð ljóst að sumt verður ekki afturtekið.

Við getum samt alltaf huggað okkur við að það er ólíklegt að börnin hlýði þessu banni. En af hverju að setja lög sem við viljum ekki að sé hlýtt? Það eykur bara á virðingarleysi fyrir lögum þegar fleiri börn brjóta aldurstakmörk á samfélagsmiðlum. Ef þú ert 11 ára og horfir á 14 ára svindla á banninu af hverju ættir þú ekki að gera það líka?

Vegna stanslausra rangfærslna um niðurstöður rannsókna á notkun skjátækja, þar sem fólk hefur étið upp vitleysuna eftir næsta manni án þess að lesa gaumgæfilega rannsóknir þá er enginn eðlileg hlutlaus umfjöllum um áhrif samfélagsmiðla á unglinga. Það hefur skapast rörsýn. Það sama hefur gerst erlendis. Það er nú vinsælt erlendis að leggja fram frumvörp um bann við snjalltækjum og samfélagsmiðlum og því langtíma reynsla kominn á bönnin. Því er í raun ekki hægt að verða við því sem stendur í ályktunni að við undirbúning frumvarpsins skuli m.a. tekið mið af reynslu annarra landa sem þegar hafa hækkað aldurstakmark. Það er engin raunveruleg reynsla af bönnum.

Ef við eigum að trúa niðurstöðum Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar þá virðist líðan íslenskra barna frekar vera að batna en versna. Mín skoðun er því að það sé engin sérstök ástæða að grípa strax inn í og skynsamlegra að bíða aðeins og sjá hvað gerist í öðrum löndum í kjölfar banna á samfélagsmiðlum.

Að lokum er beðist velvirðingar á því að ekki fylgi heimildaskrá með en ég er ekki á launum við ritun á umsögnum og því miður vannst ekki tími til að vinna heimildarskrá með þessari umsögn. Einnig er beðist velvirðingar á því hversu ítarleg þessi umsögn er en það stafar að því að enginn er að halda þessum sjónarmiðum fram og því vil ég koma þeim á framfæri ef eitthvað skyldi koma fyrir mig.

Virðingarfyllst

Ásdís Bergþórsdóttir, sálfræðingur

Embætti landlæknis

Embætti landlæknis
Katrínartúni 2
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2025
1604036/0.0/sah

Efni: umsögn um þingsályktunartillögu um vernd barna og ungmenna á stafrænum vettvangi. Þingskjal 352 — 261. mál.

Embætti landlæknis þakkar veitt tækifæri til að veita umræddri þingsályktunartillögu umsögn. Embættið tekur undir það að unnið verði lagafrumvarp í víðtæku samráði sem miði að vernd barna með þeim hætti sem tillagan tekur til.

Sérstaklega er tekið undir það að komið sé í veg fyrir að auglýsingum sé beint að börnum og má þar líta til Noregs til fyrirmyndar í þeim efnum en þar var nýverið samþykkt skýrari vernd fyrir börn gegn allri markaðssetningu á óhollustu[1].

Eins undirstrikar embætti landlæknis mikilvægi þess að Ísland vinni í samstarfi við nágrannalöndin að góðri lagasetningu sem verndi börn á samfélagsmiðlum og öðrum stafrænum vettvangi en virði jafnframt réttindi þeirra til virkrar þátttöku í samfélaginu. Þar mætti meðal annars vinna að innleiðingu á Evrópskri reglugerð um stafræna þjónustu (Digital Services Act)[2].

Þó er mikilvægt að ígrunda möguleg viðmið vel með tilliti til íslenskra aðstæðna, þar á meðal hugmyndir um aldurstakmörk í ljósi uppbyggingar íslenska skólakerfisins. Á Íslandi markar 16. aldursárið ákveðin félagsleg skil í lífum ungmenna á milli grunnskóla og frekara náms eða atvinnu. Það væri því ef til vill fýsilegra í íslensku samhengi, standi til að setja aldurstakmörk, að miða við 16 ára aldur frekar en 15 ára.

[1] https://www.regjeringen.no/no/aktuelt/nytt-markedsforingsforbud/id3126894/
[2] https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX%3A32022R2065&qid=1666857835014

Sérfræðingar embættis landlæknis eru reiðubúnir að veita allsherjar- og menntamálanefnd frekari upplýsingar sé óskað eftir því.

f. h. embættis landlæknis

Kjartan Hreinn Njálsson
Aðstoðarmaður landlæknis

Netvís

FJÖLMIÐLANEFND

UPP

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis, nefnda- og greiningarsvið
150 Reykjavík

Reykjavík 9. desember 2025
Mál nr. 2025-319 / 0.4

Efni: Umsögn Fjölmiðlanefndar og Netvís – Netöryggismiðstöðvar Íslands um tillögu til þingsályktunar um vernd barna og ungmenna á stafrænum vettvangi.

Fjölmiðlanefnd vísar til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 27. nóvember 2025.

1. Hlutverk Fjölmiðlanefndar við vernd barna

Fjölmiðlanefnd ber, samkvæmt 10. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla, að vinna að því að efla upplýsinga- og miðlalæsi, auk þess sem hún skal sérstaklega stuðla að því að vernd barna sér virt í fjölmiðlum og á mynddeiliveitum, þ.m.t. skal hún hafa eftirlit með því að fjölmiðlar og mynddeiliveitur miðli ekki efni sem getur haft skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi efni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi.

Fjölmiðlanefnd hefur því margþætt hlutverk við vernd barna í fjölmiðlum, m.a. á neti og á mynddeiliveitum, sem skráð eru og hafa starfstöðvar á Íslandi. Nefndin á jafnframt samstarf við fjölmiðlaeftirlitsaðila í Evrópu. Mynddeiliveitur eru miðlar líkt og Youtube og Tik Tok. Fjölmiðlanefnd hefur þó ekki beint eftirlit með þeim þar sem þær eru ekki skráðar eða með starfstöð á Íslandi en getur haft milligöngu um að tilkynna um brot þeirra samfélagsmiðla til viðeigandi eftirlitsríkis.

Fjölmiðlanefnd hefur ennfremur eftirlit með lögum nr. 62/2006 um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum. Á grunni þeirra eru settar aldursmerkingar á kvikmyndir og þætti sem sýndir eru í kvikmyndahúsum og sjónvarpi sem og á tölvuleiki sem seldir eru hér á landi.

Fjölmiðlanefnd lætur einnig framkvæma rannsóknina Börn og netmiðlar í samstarfi við menntavísindasvið HÍ, annað hvert ár og gefur út skýrslur með niðurstöðum hennar. Rannsóknin var lögð fyrir nú í haust 2025 og er nú unnið úr niðurstöðunum.

2. Hlutverk Fjölmiðlanefndar við fræðslu til barna

Fjölmiðlanefnd hefur það hlutverk skv. 10. gr. laga um fjölmiðla að vinna að því að efla upplýsinga- og miðlalæsi í samfélaginu. Hefur nefndin sett á stofn deild sem ætlað er að sinna fræðslustörfum og vitundarvakningu um upplýsinga- og miðlalæsi, Netvís – Netöryggismiðstöð Íslands.

Á vegum Netvís fer fram fjölbreytt fræðsla um félagslegt netöryggi og miðlalæsi, barna sem annarra. Fræðslu sína byggir Netvís á rannsóknum, einkum og sér í lagi á niðurstöðum sem fást úr Börnum og netmiðlum.

Netvís gegnir hlutverki Safer Internet Centre á Íslandi, áður SAFT. Sjá heimasíðu Netvís - Netöryggismiðstöð Íslands.

3. Þátttaka og berskjöldun

Netvís og Fjölmiðlanefnd taka undir mikilvægi þess að íhuga þurfi vel hvort nauðsynlegt er að hækka lágmarksaldur til að stofna og hafa aðgang að samfélagsmiðlum. Langflest börn á grunn- og framhaldsskólaaldri, þ.e. frá 4. bekk og upp í framhaldsskóla, áttu sinn eigin farsíma samkvæmt rannsókn Fjölmiðlanefndar og Menntavísindasviðs HÍ, Börn og netmiðlar sem lögð var fyrir 2023.[1] Jafnframt notuðu langflest þeirra einn eða fleiri samfélagsmiðla sem þau flest eyddu miklum tíma á.[2] Mörg þeirra sögðust mest nota samfélagsmiðla til að hafa samband við vini sína og til að hitta fólk með sömu áhugamál og þau. Af því má ráða að börn nota samfélagsmiðla mest til að eiga samskipti og taka þátt í samfélaginu.

Ljóst er einnig að á samfélagsmiðlum eru börn útsett fyrir margvíslegu skaðlegu og óviðeigandi efni sem erfitt hefur reynst að stýra eða hafa áhrif á. Samkvæmt Börnum og netmiðlum, höfðu 29% stelpna í 8.-10. bekk og 66% stelpna í framhaldsskóla verið beðnar um að senda af sér nektarmynd. 24% stelpna í 8.-10. bekk og 61% stelpna í framhaldsskóla höfðu fengið senda nektarmynd.[3] 63% stelpna í framhaldsskóla og 62% stelpna í 8.-10. bekk höfðu séð umræður á netinu um það hvernig væri hægt að grenna sig verulega, þriðjungur nemenda í 8.-10. bekk höfðu séð umræður um leiðir um hvernig væri hægt að skaða sig líkamlega.

Markvisst er herjað á börn og ungmenni með auglýsingum og markaðsefni, en samkvæmt Börnum og netmiðlum sjá strákar frekar auglýsingar um veðmál og fjárhættuspil (59% drengja í framhaldsskólum) en stelpur frekar auglýsingar um útlitsmeðferðir og megrunarvörur (22% í 8.-10. bekk og 40% í framhaldsskóla).[4] Þá er ótalin markaðssetning áhrifavalda á samfélagsmiðlum.

Margt fleira má vitanlega telja til, börn upplifa einelti, ofbeldisfullt efni, margvíslegt efni frá áhrifavöldum sem kann að vera byggt á óáreiðanlegum gögnum og svo framvegis. Ennfremur má nefna að aðgengi að börnum er auðvelt og geta þau verið útsett fyrir svikum, tælingu og kynferðisofbeldi, sem og boðum um þátttöku í glæpsamlegu athæfi og sjálfskaða eins og dæmin sanna.

Þó ýmsar leiðir séu færar til að stilla símtæki og samfélagsmiðlareikninga með það fyrir augun að vernda börn, hefur það ekki komið í veg fyrir að reynsla margra barna er sú að þau verða fyrir því að sjá og lesa ýmislegt miður gott fyrir þau eða beinlínis skaðlegt. Upplýsingar um þau eru notaðar í markaðslegum tilgangi og algrími safna um þau persónuupplýsingum og nota til að beina að þeim klæðskerasniðnu efni, með þeim afleiðingum að þau geta einangrast í bergmálshellum eða orðið öfgastefnum að bráð.[5]

---

[1] Börn og netmiðlar 2023 - Tækjaeign og virkni á samfélagsmiðlum

[2] Sama heimild.

[3] Börn og netmiðlar 2023 - Kynferðisleg komment og nektarmyndir

[4] Börn og netmiðlar 2023 - Fréttir, falsfréttir og auglýsingar

[5] **Bergmálshellar/Bergmálsherbergi/Bergmálsklefar (e. ecco chambers)**
Umhverfi þar sem notendur samfélagsmiðla sjá aðeins viðhorf eða skoðanir sem samræmast þeirra eigin skoðunum, vegna algóritma sem stýra því hvaða efni birtist í fréttaveitum samfélagsmiðla. Bergmálshellar veita notendum samfélagsmiðla öruggt rými til að deila viðhorfum sínum og heimsmynd án þess að þeir eigi á hættu

4. Mannréttindi barna á neti

Samkvæmt almennum athugasemdum Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna nr. 25 eiga börn sömu réttindi á neti sem og annars staðar. Þau eiga því rétt á þátttöku, rétt á að vera vernduð gegn skaða og rétt til þess að ráðist sé í aðgerðir til að tryggja þeim hvoru tveggja.

Í stefnu Evrópusambandsins Better Internet for Kids, er einnig byggt á því að börn eigi sama rétt á internetinu sem annars staðar.[6]

Til þess að tryggja vernd barna á neti hefur Evrópusambandið ráðist til ýmissa aðgerða, svo sem með því að setja lög sem leggja ríkar skyldur til athafna á stórfyrirtæki sem reka samfélagsmiðla. Má þar nefna reglugerð um stafræna þjónustu, e. Digital Services Act.[7] Sem dæmi um skyldur sem á stóru samfélagsmiðlafyrirtækin (og önnur stórfyrirtæki sem veita þjónustu á neti) eru lagðar ef miðlar þeirra eru aðgengilegir ólögráða einstaklingum, eru aðgerðir til

1) að tryggja vernd persónuupplýsinga barna með því að byggja slíka vernd og öryggi inn í hönnun, þróun og rekstur þónustu sinnar (safety-by-design),
2) að tryggja að þjónusta þeirra sé í samræmi við þroska, hugrænar og tilfinningalegar þarfir ólögráða einstaklinga
3) að vinna eftir áhættumati, þ.e. meta áhrif notkunar samfélagsmiðla á börn og gera ráðstafanir til að draga úr áhættu á skaða og hafa í huga að taka ákvarðanir með hagsmuni barna að leiðarljósi
4) að setja upp aldursstaðfestingarbúnað.
5) Gera ráðstafanir til að vernda börn gegn fjárhagslegri og annarri misbeitingu, m.a. í gegnum markaðsefni og auglýsingar.[8]

Digital Services Act, eða reglugerð Evrópusambandsins um stafræna þjónustu, verður að öllum líkindum innleidd í íslensk lög að lokinni undirbúningsvinnu hjá sameiginlegu EES nefndinni en hvenær það verður er ekki vitað. Hins vegar hefur reglugerðin tekið gildi í Evrópuríkjum og nokkur mál hafa verið opnuð gegn stóru samfélagsmiðlunum og háar sektir verið lagðar á við brotum gegn reglugerðinni. Með Digital Services Act er gerð tilraun til að láta þjónustuaðilana, samfélagsmiðlafyrirtækin sjálf, bera ábyrgð á að börn sem nota samfélagsmiðla (og reyndar aðrir neytendur), geti gert það á öruggan hátt ella greiða háar sektir (allt að 6% af ársveltu þeirra) brjóti þeir gegn skyldum sínum. Tilraunin er áhugaverð og það verður vonandi gagn af því að innleiða reglugerðina á Íslandi og tryggja framfylgd hennar á Íslandi. Það má því segja að hér á landi sé handan við hornið regluverk sem er ætlað að breyta stöðu barna sem nýta sér samfélagsmiðla þó vitanlega geti enn orðið nokkur bið eftir því og enn fremur má búast við að innleiðing hennar hér á landi taki tíma. Til þess að sporna gegn skaðlegum áhrifum og bregðast við ofbeldi eða áreiti á neti gagnvart börnum er nauðsynlegt að ráðast í aðgerðir á Íslandi.

Netvís býður upp á fræðslu eins og áður sagði um félagslegt netöryggi og miðlalæsi. Afar brýnt er að stutt sé rækilega við fræðslustarf Netvís svo breiða megi út þekkingu um aðgerðir til að auka félagslegt netöryggi og efla miðlalæsi, þ.m.t. markaðslæsi, myndlæsi og gervigreindarlæsi.

Einnig er afar mikilvægt að komið verði á ný upp ábendingalínu um barnaníðsefni og annað kynferðisáreiti gegn börnum sem allra fyrst en von er á slíkri þjónustu á vegum Neyðarlínunnar og

---

að lenda í útistöðum við þá sem eru á öndverðum meiði. Bergmálshellar og síubólur (sjá neðar) hafa mikil áhrif á samfélagsumræðu og hvernig almenningur mótar sér skoðun. Hugtök úr netheimum – Miðlalæsi.

[6] Better Internet for Kids strategy (BIK+)

[7] Regulation - 2022/2065 - EN - DSA - EUR-Lex

[8] Guidelines on measures to ensure a high level of privacy, safety and security for minors online, pursuant to Article 28(4) of Regulation (EU) 2022/2065. EUR-Lex - 52025XC05519 - EN - EUR-Lex.

Ríkislögreglustjóra á næsta ári ef áætlanir standast. Hins vegar er afar mikilvægt að ríkið styðji við að verkefnið komist á laggirnar. Stefnt er að því að ábendingalína Neyðarlínunnar og Ríkislögreglustjóra um barnaníðsefni verði þátttakandi í Safer Internet Centre verkefni Netvís.

Að auki býður 1717, hjálparsími Rauða krossins, upp á ráðgjöf og stuðning við börn og aðra sem verða fyrir skaða eða erfiðri reynslu á neti.

5. Um hækkun lágmarksaldurs á samfélagsmiðlum

Með vísan í það sem áður er sagt hvetur Fjölmiðlanefnd og Netvís til þess að sú leið verði skoðuð gaumgæfilega, í samráði við börn, foreldra, kennara og sérfræðinga á sviði velferðar barna og á sviði upplýsingatækni, hvort hækkun lágmarksaldurs þeirra sem geta opnað aðgang að og nýtt sér samfélagsmiðla, sé æskileg eða nauðsynleg með tilliti til þarfa ólíkra hópa barna, til skaðlegra áhrifa af notkun samfélagsmiðla og heildstæðra heilbrigðissjónarmiða sem varða börn.

Vænlegt er að horfa til aðferða og reynslu Ástrala í þeirri vegferð, líta til þess sem vel hefur gengið en jafnframt læra af því sem síður hefur gengið vel. Enn fremur er hvatt til þess að áfram verði haft gott samstarf við Norðurlöndin um mótun slíkrar löggjafar og um aðgerðir til verndar börnum á neti[9] sem og við Evrópulönd sem reka Netöryggismiðstöðvar líkt og Netvís, undir hatti Safer Internet Centre.

Fyrir hönd Fjölmiðlanefndar,

Þóra Jónsdóttir
lögfræðingur

Elfa Ýr Gylfadóttir
framkvæmdastjóri

[9] Hér er að finna upplýsingar um stefnumótun á sviði þátttöku barna á neti og um vernd þeirra fyrir skaðlegum áhrifum slíkrar þátttöku. National recommendations and guidelines in the Nordic countries | NVC

Allsherjar- og menntamálanefnd
4. desember 2025

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um vernd barna og ungmenna á stafrænum vettvangi, nr. 12901

Foreldraráð Hafnarfjarðar styður heilshugar tillögu til þingsályktunar um vernd barna og ungmenna á stafrænum vettvangi.

Við fögnum þessari þingsályktun og teljum hana mikilvægt fyrsta skref í átt að lagaramma sem verndar börn í stafrænum heimi út frá þeirra hagsmunum, en ekki hagsmunum tæknifyrirtækja.

Mikilvægt er að vernda börnin okkar í stafrænum heimi og setja 16 ára aldurstakmark á samfélagsmiðla. Slík aðgerð er löngu tímabær og nauðsynlegt skref stjórnvalda til að tryggja öruggara umhverfi og huga að velferð barna í stafrænu umhverfi.

Geðheilbrigðisvandi barna og ungmenna hefur aukist í takt við aukna notkun snjalltækja og samfélagsmiðla. Stafræn fíkn er í vaxandi mæli farin að leysa af hólmi raunveruleg, mannleg tengsl, sem eykur á einangrun, vanlíðan og tilfinningalegan vanda. Þetta getur leitt til ávanabindandi stafrænnar hegðunar, athyglis- og minnisvandamála, einmanaleika og almennrar aftengingar.

Við tökum undir að horfa til reynslu annarra landa, svo sem Ástralíu, Frakklands, Danmerkur og Svíþjóðar, sem hafa þegar stigið skref í átt að hertum reglum um stafræna notkun barna og ungmenna. Einnig tökum við undir mikilvægi fræðslu til að styrkja varnir barna á netinu. Mikilvægt er að fræða allt skólasamfélagið; nemendur, starfsfólk og foreldra.

Þetta er samvinnuverkefni okkar allra, foreldra, skóla og stjórnvalda. Með skýrum reglum og heildstæðri stefnu getum við skapað heilbrigðara og öruggara stafrænt umhverfi fyrir börnin okkar.

Foreldrar og stjórnvöld á Íslandi hafa áður sameinast um að vernda börn. Þar má nefna útivistartímann, regla sem var fest í lög árið 2002 til að breyta norminu og skapa skýr mörk um öryggi barna í samfélaginu.

Í dag stöndum við frammi fyrir nýjum áskorunum – stafrænu umhverfi sem veitir ýmsum hættulegum öflum greiðan aðgang að börnunum okkar, svo sem glæpahópum, öfgahreyfingum og óæskilegum söluaðilum. Íslensk börn eru þegar farin að verða fyrir áreitni, öfgavæðingu og misnotkun á netinu.

Við hvetjum Alþingi eindregið til að samþykkja tillöguna um 16 ára aldurstakmark á samfélagsmiðla og tryggja með því vernd og velferð barna og ungmenna í stafrænum heimi.

Einnig hvetjum við til þess að almennt sé hugað betur að því stafræna umhverfi sem við erum að bjóða börnum uppá og ekki einungis varðandi samfélagsmiðla því þeir eru aðeins einn þáttur af mörgum á internetinu sem getur haft skaðleg áhrif á börn og ungmenni. Bandaríski félagssálfræðingurinn Jonathan Haidt hefur mikið fjallað um áhrif samfélagsmiðla á börn (https://www.anxiousgeneration.com/) Hann talar fyrir því að setja eigi 16 ára aldurstakmark á samfélagsmiðla, 14 ára aldurstakmark á snjallsíma og alla þá möguleika sem þeir bjóða upp á og aldurstakmark á gervigreindina. Einnig að huga að öruggu stafrænu umhverfi í skólum í þeim tækjum sem skólar útvega börnum og hafa símafrí í skólum þar sem skilgreint er hvað símafrí er svo það skili tilsettum ávinningi.

Við þurfum að breyta norminu í samfélaginu. Það er ekki eðlilegt að börn undir 16 ára aldri séu á samfélagsmiðlum, né heldur að börn undir 14 ára hafi aðgang að snjalltækjum með öllum þeim möguleikum og þeirri áhættu sem þeim fylgja.

Við í foreldraráði Hafnarfjarðar erum alltaf til í samtal um bætt stafrænt umhverfi.

Virðingarfyllst,
Kristín Ólöf Grétarsdóttir f.h. **foreldraráðs Hafnarfjarðar**

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 03.12.2025
Tilv. 2025/0178 - 0.3.01
MS

Efni: Umsögn Neytendastofu um tillögu til þingsályktunnar um vernd barna og ungmenna á stafrænum vettvangi, 261. mál

Vísað er til tölvubréfs, dags. 20. nóvember 2025, þar sem send var til umsagnar tillaga til þingsályktunnar um vernd barna og ungmenna á stafrænum vettvangi. Neytendastofa þakkar tækifærið til að koma sjónarmiðum að um málið.

Neytendastofa fagnar tillögunni og telur hér um ríkt hagmunamál að ræða. Systurstofnanir Neytendastofu í Evrópu, sér í lagi á Norðurlöndunum, eru margar hverjar að leggja mikla áherslu á hagsmuni barna og ungmenna, auk annarra viðkvæmra hópa, í stefnumótun sinni. Þannig er áhersla lögð á að grípa til aðgerða þar sem þörf er á til að vernda sérstaklega þennan hóp. Sem lið í því hefur í nokkrum ríkjum verið gripið til þess úrræðis að setja ýmsar sérreglur sem snúa að markaðssetningu tengt börnum og ungmennum. Stofnunin á í góðu samstarfi við þessar stofnanir og getur þar sótt upplýsingar, leiðbeiningar og samtöl um hvað hefur gengið vel og hvað megi betur fara, svo dæmi séu tekin.

Stofnunin vill jafnframt nýta tækifærið og vekja athygli á þeirri áherslubreytingu sem frumvarp til markaðssetningarlaga og stefna í neytendamálum til ársins 2030 fela í sér um þetta málefni. Þannig er skerpt enn frekar á vernd hagsmuna barna og ungmenna í frumvarpinu heldur en gert er í núgildandi lögum og gert ráð fyrir að sérstök áhersla verði lögð á vernd hagsmuna viðkvæmari hópa í stefnu í neytendamálum.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu

Þórunn Anna Árnadóttir

Matthildur Sveinsdóttir

PERSÓNU VERND

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík, 2. desember 2025
Tilvísun: 2025112357/RRS

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um vernd barna og ungmenna á stafrænum vettvangi

1.

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 27. nóvember 2025 um umsögn um þingsályktunartillögu um vernd barna og ungmenna á stafrænum vettvangi (þskj. 352, 261. mál á 157. löggjafarþingi).

2.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að hækka lágmarksaldur barna til að stofna og nota reikninga á samfélagsmiðlum úr 13 árum í 15 eða 16 ár og herða reglur um markaðssetningu og auglýsingar sem beint er að börnum á samfélagsmiðlum og öðrum stafrænum vettvangi, með sérstakri áherslu á að koma í veg fyrir markvissa markaðssetningu sem byggist á persónuupplýsingum barna.

Í greinargerð með þingsályktuninni kemur fram að markmiðið með tillögunni sé að tryggja heildstæða vernd barna og ungmenna gegn skaðlegu efni, áreitni og ótilhlýðilegri markaðssetningu á stafrænum vettvangi. Núgildandi 13 ára aldurstakmark fyrir notkun samfélagsmiðla byggist fyrst og fremst á persónuverndarlöggjöf ESB, þar sem í 1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar sé gert ráð fyrir 16 ára aldri en aðildarríki geti kveðið á um lægri aldur, þó ekki lægri en 13 ár, eins og fram kemur í 5. mgr. 10. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Þetta aldurstakmark taki hins vegar ekki nægjanlegt mið af þeirri skaðsemi sem geti stafað af efni sem börn verði fyrir á samfélagsmiðlum, né heldur þeim félagslega þrýstingi sem fylgi notkun þeirra. Rannsóknir Fjölmiðlanefndar og Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands frá 2021 og 2023 hafi sýnt að mikill fjöldi barna, jafnvel undir 13 ára aldri, hafi aðgang að samfélagsmiðlum og verði þar fyrir efni sem væri, samkvæmt sjónvarps- og kvikmyndamerkingum, flokkað sem 14–18 ára efni. Hækkun lágmarksaldurs myndi skapa sterkari hindrun gegn ótímabærum aðgangi barna að óæskilegu efni og áreiti, og veita þeim meiri tíma til að þroskast áður en þau takast á við flókið og krefjandi stafrænt umhverfi. Þetta sé í samræmi við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem kveði á um að hagsmunir barnsins skuli ávallt hafa forgang, og að vernda skuli barn gegn kynferðislegri misnotkun og annarri notkun sem stefnir velferð þeirra í hættu.

3.

Líkt og að framan greinir felst í þingsályktunartillögunni breyting á ákvæði 5. mgr. 10. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsingar, þannig að aldursviðmið það sem nú er 13 ár verði hækkað í 15 eða 16 ár. Frekari breytingar á ákvæðinu virðast því ekki fyrirhugaðar.

Að mati Persónuverndar mun tillögð breyting á ákvæði persónuverndarlaganna, ein og sér, ekki ná fram þeim markmiðum sem að er stefnt í þingsályktunartillögunni, fleira þurfi að koma til.

4.

Í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga segir:

> „Þegar barni er boðin þjónusta í upplýsingasamfélaginu með beinum hætti og vinnsla persónuupplýsinga byggist á samþykki þess telst vinnslan því aðeins lögmæt ef barnið hefur náð 13 ára aldri. Sé barnið undir 13 ára aldri telst vinnslan aðeins lögmæt að því marki sem forsjáraðili þess heimilar samþykki. Ábyrgðaraðili skal gera það sem sanngjarnt má telja til að sannreyna í slíkum tilvikum að samþykkið sé gefið eða heimilað af hálfu forsjáraðila barnsins, að teknu tilliti til þeirrar tækni sem fyrir hendi er."

Í greinargerð með frumvarpi er varð að lögum nr. 90/2018 segir um 5. mgr. 10. gr.:

> „Í 5. mgr. koma fram sérreglur um samþykki barna í upplýsingasamfélaginu. Eins og fram kemur í 25. tölul. 4. gr. ESB-reglugerðarinnar er með hugtakinu „þjónusta í upplýsingasamfélaginu" átt við þjónustu samkvæmt skilgreiningu b-liðar 1. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1535 um tilhögun miðlunar upplýsinga um tæknireglugerðir og reglur um þjónustu í upplýsingasamfélaginu, en í skilgreiningunni kemur meðal annars fram að um sé að ræða þjónustu veitta á rafrænan hátt úr fjarlægð og venjulega gegn endurgjaldi. Af þessu er ljóst að hugtakinu er ætlað að ná til samninga sem gerðir eru um þjónustu sem veitt er á netinu."[1]

Eins og fram hefur komið byggir ákvæði 5. mgr. 10 gr. aga nr. 90/2018 á að vinnsla persónuupplýsinga vegna „þjónustu í upplýsingasamfélaginu" fari fram á grundvelli samþykkis notanda. Ákvæðið er því þröngt að efni og tekur ekki til vinnslu persónuupplýsinga sem reist er á annarri vinnsluheimild 9. gr. laganna, sbr. 1. mgr. 6. gr. (ESB) 2016/679.

Þá er í skilgreiningu hugtaksins „þjónusta í upplýsingasamfélaginu" gert ráð fyrir að þjónustan sé veitt „venjulega gegn endurgjaldi". Þó svo að umrætt hugtak geti að öðru leyti talist víðtækt er í þessu fólgin þrenging á umfangi þess, en í því sambandi getur þurft að líta til túlkunar á orðinu „endurgjald".

5.

Í persónuverndarstefnu Meta[2] kemur fram að fyrirtækið styðst við þrjár mismunandi vinnsluheimildir samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679 við vinnslu persónuupplýsinga á samfélagsmiðlum sínum (t.d. Facebook og Instagram). Það er sagt fara eftir tilganginum hverju sinni hvaða heimild er notuð.

Til þess að stofna og halda utan um reikning notanda, sýna færslur, sögur (e. story) og skilaboð og til að gera notanda kleift að setja inn efni, taka þátt í hópum og markaðstorgi, byggir Meta vinnsluna á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, sbr. b-lið 9. gr. laga nr. 90/2018, um heimild til vinnslu sem **nauðsynleg er til að efna samning** sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að

[1] e. „'service' means any Information Society service, that is to say, any service normally provided for remuneration, at a distance, by electronic means and at the individual request of a recipient of services."

[2] https://mbasic.facebook.com/privacy/policy/printable/version/10052835831416190/#7

beiðni hins skráða áður en samningur er gerður. Þegar gerðar eru sérsniðnar eða hegðunartengdar auglýsingar (e. personalised behavioural ads), svo og þegar notuð eru gögn frá samstarfsaðilum (t.d. af vefsvæðum og smáforritum sem nota Meta Pixel), byggir Meta hins vegar á **samþykki** hins skráða, sbr. a-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar, sbr. einnig a-lið 9. gr. laganna. Meta byggir einnig á samþykki til að afla aðgangs að ýmsum gögnum í símtæki notanda, svo sem nákvæmum staðsetningargögnum og gögnum úr myndavél eða hljóðnema. Þá byggir Meta á **lögmætum hagsmunum** fyrirtækisins sem vegi þyngra en réttindi og frelsi hins skráða, sbr. f-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar, sbr. f-lið 9. gr. laganna, þegar vinnsla er talin nauðsynleg fyrir rekstur og öryggi þjónustunnar. Það á t.d. við um öryggi kerfisins, greiningu svika og misnotkunar, vinnslu á ruslpósti, greiningar og tölfræði til að bæta þjónustu og við gerð vissra tegunda „vægra" persónusniða, t.d. við gerð tillagna að vinabeiðnum eða inngöngu í hópa.

6.

Eins og að framan er rakið styður Meta vinnslu persónuupplýsinga um notanda, við stofnun hans á reikningi á samfélagsmiðli, við **nauðsyn til að efna samning** sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður. Hið þrönga ákvæði 5. mgr. 10. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, tekur jafnframt eingöngu til vinnslu persónuupplýsinga sem byggist á samþykki hins skráða, líkt og fyrr greinir, og tekur því ekki til vinnslu Meta við stofnun reiknings notanda á samfélagsmiðlum fyrirtækisins. Þá tekur ákvæðið einkum til þjónustu gegn endurgjaldi, sbr. 25. tölul. 4. gr. reglugerðarinnar, og getur þurft að líta til túlkunar á hvað falli þar undir.

Það er því mat Persónuverndar að breyting á aldursmarki samkvæmt 5. mgr. 10. gr. laga nr. 90/2018, ein og sér, stæði því ekki í vegi að barnungir notendur stofnuðu reikninga á samfélagsmiðlum og telur að, til að ná markmiði þingsályktunartillögunnar, sé frekari lagabreytinga þörf.

Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,

Þórður Sveinsson

Rebekka Rán Samper

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis
150 Reykjavík

Reykjavík 4. desember 2025

Umsögn ÖBÍ réttindasamtaka um þingsályktunartillögu um vernd barna og ungmenna á stafrænum vettvangi

ÖBÍ réttindasamtök fagna þingsályktunartillögunni og eru sammála mikilvægi þess að tryggja varnir gegn skaðlegum áhrifum samfélagsmiðla á börn hér á landi. ÖBÍ bendir á að fötluð börn eru almennt útsettari fyrir hverskonar ofbeldi, áreiti og misnotkun, það á ekki síður við á stafrænum vettvangi. Það verður hinsvegar líka að hafa í huga að þessi tækni getur einnig haft jákvæðar hliðar fyrir fatlaða einstaklinga. Stafræn tækni gerir fötluðum oft kleift að taka þátt í samfélaginu á eigin forsendum og brúar bilið á milli fatlaðra og ófatlaðra, óháð búsestu eða aðstæðum.

Börn sem glíma við skólaforðun, veikindi eða fötlun hafi í mörgum tilfellum haft gagn af því að geta fylgt jafnöldrum sínum á samfélagsmiðlum á meðan önnur hafa orðið fyrir ofbeldi og einelti á sömu miðlum. Auka verður þekkingu og fræðslu um tækni sem stenst kröfur laga um meðferð persónuupplýsinga, vefstjórn og öryggi. Samhliða þarf að tryggja menntun allra barna í tæknilæsi, gagnrýnni hugsun, fjármálalæsi, kynfrelsi og ofbeldisvörnum. Það ber því miður oft við að fötluð börn eru undanskilin slíkri fræðslu og hafa því ekki nauðsynleg verkfæri til að takast á við þennan flókna raunveruleika þegar þau hafa aldur til að taka þátt á samfélagsmiðlum. Mikilvægt er að allir hagaðilar, þar á meðal fulltrúar sérkennara og fatlaðs fólks séu hluti af þróun löggjafarinnar til að koma í veg fyrir að þessi hópur barna verði fyrir óvæntum afleiðingum sem nú þegar glímir við einangrun og jaðarsetningu.

Ekkert um okkur án okkar!

Virðingafyllst,

Alma Ýr Ingólfsdóttir
formaður ÖBÍ réttindasamtaka

Rósa María Hjörvar
Verkefnastjóri ÖBÍ réttindasamtaka